



Verkefnahópur og markmið verkefnis

Viðauki II við kvikmyndastefnu
frá verkefnahópi sem vann að mótun
kvikmyndastefnu til ársins 2030

Verkefnahópur

Grímar Jónsson, framleiðandi, formaður

Dagur Kári Pétursson, formaður Samtaka kvikmyndaleikstjóra

Auður Edda Jökulsdóttir, ráðgjafi mennta- og menningarmálaráðherra

Jóna Pálsdóttir, sérfræðingur mennta og menningarmálaráðuneyti

Ása Helga Hjörleifsdóttir, leikstjóri WIFT

Áslaug María Friðriksdóttir, formaður kvikmyndaráðs

Baldur Sigmundsson, sérfræðingur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

Þórir Hrafnsson, sérfræðingur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

Einar Karl Birgisson, framkvæmdastjóri

Friðrik Þór Friðriksson, kvikmyndaleikstjóri og fulltrúi kvikmyndaráðs

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands

Hanna Katrín Friðriksson, alþingismaður

Kristinn Þórðarson, formaður Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda og fulltrúi Samtaka iðnaðarins

Margrét Örnólfsdóttir, formaður Félags leikskálda og handritshöfunda

Auður Edda Jökulsdóttir, ráðgjafi ráðherra, tók við keflinu af Jónu Pálsdóttur í október 2019. Áslaug María Friðriksdóttir tók við sem verkefnisstjóri hópsins í október 2019. Þórir Hrafnsson kom inn fyrir Baldur Sigmundsson frá ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytinu í apríl 2020.

Samfélagsmarkmið verkefnis: Að stefna í kvikmyndamálum myndi heildstæðan ramma utan um kvikmyndamenningu, kvikmyndamenntun og kvikmyndalæsi og að hugað sé vel að öflugum og sveigjanlegum stuðningskerfi kvikmyndagerðar, sem snýr að öllum þáttum hennar, þar á meðal kvikmyndaarfi og miðlun hans, svo og kynjajafnrétti.

Efnahagsmarkmið verkefnis: Að íslensk framleiðsla setji sér markmið um sjálfbæra þróun og alþjóðlega samkeppni og að hið opinbera stuðli að sterkri stöðu vörumerkisins „íslensk kvikmyndagerð“ á alþjóðamarkaði.

Verkefnismarkmið: Að afurð verkefnisins verði tilbúin vorið 2020 og í samræmi við samþykktu verk- og tímaáætlun.

Tilurð: Árið 2012 samþykkti þáverandi ríkisstjórn stefnumótun um kvikmyndamenntun á Íslandi. Í ljósi þess að liðin eru 6 ár frá þeirri stefnumörkun hefur ráðherra mennta- og menningarmála lagt áherslu á mótun heildstæðrar stefnu í málaflokknum ásamt aðgerðaáætlun á grunni hennar sem nái yfir: listrænan þátt kvikmyndamála, nútímalega

miðlun kvikmyndaarfsins, menntun á öllum skólastigum og eflingu við stuðning við framleiðslu kvikmynda.

